

Til bæjarráðs

Efni: Svar við fyrirspurn Bjartrar framtíðar um afgreiðslur bæjarstjóra á erindum.

Hvernig er haldið utan framganginn á þessum erindum?

Í nær öllum tilvikum sem bæjarráð vísar erindum til nánari skoðunar eða afgreiðslu bæjarstjóra er viðkomandi málsaðila send tilkynning til upplýsingar um afgreiðslu málsins. Það getur síðan farið eftir eðli málsins hver farvegur þess verður. Í flestum tilvikum fara mál í áframhaldandi vinnslu og eftir atvikum til afgreiðslu á ný í bæjarráði. Í sumum tilvikum er málum lokið með viðræðum við málsaðila eða með afgreiðslu samkvæmt ákvörðun bæjarstjóra.

Í mörgum tilvikum hafa málsaðilar sjálfir frumkvæði að því að fylgja málum eftir með fundum með bæjarstjóra eða öðrum starfsmönnum.

Reglulega er gert yfirlit yfir mál sem vísað er til bæjarstjóra og farið yfir stöðu þeirra. Þá hefur verið stofnað mál í ONE-skjalakerfinu undir heitinu „erindi vísað til bæjarstjóra“ þar sem haldið er utan um málin.

Er hægt með einföldum hætti að sjá hversu mörg erindi sem vísað hefur verið til bæjarstjóra eru óafgreidd, í vinnslu eða lokið?

Með reglulegri skoðun á málaskrá og yfirliti yfir mál sem vísað hefur verið til bæjarstjóra má hafa ágæta yfirsýn yfir hver staða einstakra mála er.

Í framhaldi af því biður Björt framtíð um eftirfarandi upplýsingar um erindi sem hafa verið afgreidd í bæjarráði á þessu kjörtímabili (2014-2018):

- **Hversu mörgum erindum sem tekin hafa verið fyrir í bæjarráði var vísað til bæjarstjóra?**
290
- **Hversu mörgum af þeim erindum hefur bæjarstjóri lokið við að afgreiða?**
262
- **Hversu mörg af þeim erindum eru í vinnslu?**
28
- **Hversu mörg af þeim erindum eru óafgreidd?**
Sjá mál í vinnslu

Við samantekt þessa hefur verið farið yfir allar fundargerðir bæjarráðs 2014-2017 ásamt því að skoða afgreiðslur í málaskrá. Við slíka yfirferð geta gerst mistök við skráningu og þykir rétt að gera fyrirvara um það vegna ofangreindra svara við fyrirspurn um afgreiðslu mála.